Talan "1925". Hvað er einkennilegt við tölu þessa. 15.

3 blöð dagsett 3.ágúst 1925 og 31.desember 1925.

Með fylgir eitt blað með fyrirsögninni:

Einkennilegar tölur.

Talan "1925". Hvað er einkennilegt við tölu þessa. 15.

3 blöð dagsett 3.ágúst 1925 og 31.desember 1925.

Með fylgir eitt blað með fyrirsögninni: Einkennilegar tölur.

## „1925“

Árið 1925 eru liðin 60 ár frá því að ég fæddist (3. ágúst 1865)
-„- 1925 -„- -„- 50 ár „ „ „ „ fékk verzlunarnúmer mitt („1925“) á Eyrarbakka. („1875“)
-„- 1925 -„- -„- 40 ár „ „ „ „ fór úr föðurhúsum, 1885.
-„- 1925 -„- -„- 40 ár „ „ „ „ varð verzlunarmaður, 1885.
-„- 1925 -„- -„- 40 ár „ „ „ „ Goodtemplar, 1885.
-„- 1925 -„- -„- 40 ár „ „ „ „ spilaði í fyrsta sinni í kirkju, 1885.
-„- 1925 -„- -„- 30 ár „ „ „ „ giftist 1895.
-„- 1925 -„- -„- 15 ár „ „ „ „ varð bankastarfsmaður 1910.
-„- 1925 -„- -„- 10 ár „ „ „ banka-ofsóknirnar á mig byrjuðu 1915.
-„- 1925 -„- -„- 20 ár „ „ „ varð Odd-Fellow 1905.
-„- 1925 -„- var lokið smíði á húsi mínu við Laufásveg 59 1925.
-„- 1925 -„- Fékk ég síma-númer mitt „1925“ 1925.

Á Eyrarbakka gekk ég milli vina minna þar, í bréfum og við ávörp, undir nafninu: „1925“. Talan: „1925“ virðist því hafa verið fylgispök við mig, enda hefi ég ávalt haft mætur á henni.

3. ágúst 1925.

Jón Pálsson

„1925."

Þegar ég var á 10. árinu, hafði ég eignast svo mikið af ull (hagalögðum) að tiltækilegt þótti að senda hana í Kaupstað; það voru 4 eða 5 merkur!

Við Eyrarbakkaverzlun (Lefolii-s) voru þá um eða yfir 3000 fastir viðskiptamenn, síðar urðu þeir um 4000 — og hafði hver sitt númer. Til þess að fá eitthvað „út í reikninginn sinn", urðu menn að segja til númers síns og væru þeir að verzla fyrir aðra, urðu þeir að hafa með sér „Bevís" (ɔ: skrifað blað, með nafni og númeri viðkomandi manns).

Mér var forvitni á að vita hvaða númer ég fengi — ég fékk ekki að fara í Kaupstaðinn um leið og ullin var lögð inn — og var mér sagt að það væri 1945. Um haustið fékk ég að fara í Kaupstaðinn og sagði þá til númersins, en þegar til kom, var það rangt, og varð einhver leit að hinu rétta; en er það fannst, var það 1925.

10 árum síðar varð ég verzlunarmaður við þessa sömu verzlun og varð mér þá forvitni á að vita hver hefði átt númerið á undan mér — því ég hafði fengið númer sem út var gengið og annar maður hafði átt áður — og varð ég þess þá vísari, að það var dansk-íslenzkur embættismaður í Reykjavík, og sá ég það í einu dagblaðinu hér í Reykjavík nú fyrir 2 árum eða svo, að hann hafði stigið hér fyrst á land (í Reykjavík) sama kvöldið og ég fæddist (3. ág. 1865). Það var Hilmar Finsen.

Á Eyrarbakka átti ég fjölda marga góða félaga og starfsbræður og höfðum við þann sið að nefna hver annan eftir þeim númerum sem við áttum við verzlunina; ég var því bæði í bréfum og í tali nefndur 1925 og í stað nafns míns skrifaði ég ávalt 1925 undir bréf mín til þeirra.

Þegar ég fór af Eyrarbakka eða hætti viðskiftum þar misti ég númer mitt þar, en hét því þá, að ef ég fengi símanúmer hér í Reykjavík, skyldi ég reyna að ná í 1925. Í fyrra voru símanúmerin 1800 og var mér sagt þá, að þau mundu verða 2000 næsta ár eða mjög bráðlega; ég pantaði því nr. 1925, en tók í bili annað símanúmer.

Nú stendur svo á að ýmsir þeir atburðir hafa gerst á lífsleið minni, sem miða má við þessa tölu (1925), svo, að á réttum tugum standi.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Á árinu | 1925 | voru liðin | 60 ár | síðan ég fæddist |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 50 — „ — | ég fékk Nr. 1925 á Eyrarbakka, |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 40 — „ — | : fór úr föðurhúsunum |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 40 — „ — | : varð bindindismaður |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 40 — „ — | : „ verzlunarmaður |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 30 — „ — | : giftist |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 20 — „ — | : ég varð Odd Fellow |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 15 — „ — | : kom í Landsbankann |
| — „ — | 1925 | — „ — — „ — | 10 — „ — | : átti að útrekast þaðan! |
| — „ — | 1925 | fékk ég síma númer mitt 1925 | | |
| — „ — | 1925 | lauk ég við byggingu húss míns, Laufásveg 39 | | |

Reykjavík 31. des. 1925.

„1925."

# 142857



| | | |
|---|---|---|
| Sé tala þessi margfölduð með | 2 verður hún: | 285714 |
| | 3 — " — | 428571 |
| | 4 — " — | 571428 |
| | 5 — " — | 714285 |
| | 6 — " — | 857142 |
| | 7 — " — | 999999 |
| | 8 — " — | 1142856 |
| | 9 — " — | 1285713 |
| | 10 — " — | 1428570 |
| | 11 — " — | 1571427 |
| | 12 — " — | 1714284 |
| | 13 — " — | 1857141 |
| | 14 — " — | 1999998 |
| | 15 — " — | 2142855 |
| | 16 — " — | 2285712 |
| | 17 — " — | 2428569 |
| | 18 — " — | 2571426 |
| | 19 — " — | 2714283 |
| | 20 — " — | 2857140 |
| | 21 — " — | 2999997 |

Til þess að muna tölu þá er þannig er margfölduð má hafa þetta til minnis:

14 × 2 = 28 × 2 = 56 + 1 eða 142857.

Hið einkennilegt ~~er það~~ við tölu þessa er það, að með hvaða tölu sem hún er margfölduð frá 2 til 6, að þeim báðum meðtöldum, koma sömu tölurnar fram á ýmsa vegu, en tala 7 er orðinn margfaldari og verður þá talan 9 í stað allra hinna; eftir það verður fyrsti og síðasti stafur að leggjast saman enda er þá margföldunar upphæðin orðin 7 tölustafir í stað 6, t.d. upphaflega talan 142857 margfölduð með 21, verða allar tölurnar 9 með því, að fyrstu tölunni, 2 sé bætt við síðustu tölunni 7, svo að þá verða allar tölurnar eins (9). Allar tölurnar fela í sér þversummu, sem skipta má með 3 og öðrum tölum, er sú tala gengur upp í. Aths. 142857 × 17 = 2428569; sé 2 bætt við 9, verður 71 og kemur talan 428571 (fyrsta og síðasta talan hverfur, 1, svo að 69 verða 71 og kemur) þá tölurnar fram eins og þegar margfaldað var með tölunni 3 (sjá næst efstu).

Jón Talsson.